

Velkomin í MA nám til starfsréttinda

Kynning fyrir MA nemendur, 18. ágúst 2023

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Um Félagsráðgjafardeild og námið



deildarforseti



Hervör Alma Árnadóttir
deildarforseti



Halldór Sigurður Halldórsson
varadeildarforseti

Þróun náms í félagsráðgjöf

Fram til um 1980 fara Íslendingar í nám í félagsráðgjöf til útlanda f.o.f. Norðurlanda

1978-60 e nám í undirgreinum og 2ja ára nám til löggiltra starfsréttinda

1981: Fyrstu nemendur í félagsráðgjöf útskrifast

✓ Kennslustjóri skipaður – Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi

1991: Lektor ráðinn

1991-1998: Fastráðinn stundakennari/verkefnisstjóri og tímabundinn ½ lektorsstaða

2000: Félagsráðgjöf verður aðalgrein og einstaklingbundið MA nám hefst

✓ Fyrsti prófessor skipaður, Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi

2004: Félagsráðgjöf verður sér skor

2005: 90 e BA nám og 60 e MA nám til starfsréttinda

2008: Félagsráðgjöf verður sér deild

2010: Fyrstu MA nemendur útskrifaðir með starfsréttindi í félagsráðgjöf.

Í dag er námið

- Tveggja ára fullt nám (120 ECTS) þar sem nemendur sækja fjölbreytt námskeið þar sem fjallað er m.a. um aðferðir og nálganir í vinnu með einstaklingum, fjölskyldum, hópum, samfélaginu með áherslu á rannsóknir.
- Hluti námsins felst í starfsþjálfun sem fer fram á starfsstöðum utan HÍ undir handleiðslu sérþjálfaðra starfsþjálfunarkennara, fyrra árið 5 vikur að hausti, seinna árið 13 vikur að vori.

Starfsfólk deildar

Deildarforseti: Hervör Alma Árnadóttir, dósent

Varadeildarforseti: Halldór S. Guðmundsson, dósent

Auður Ósk Guðmundsdóttir, lektor

Ásta Snorradóttir, dósent

Erla Björg Sigurðardóttir, lektor

Freydís J. Freysteinsdóttir, prófessor

Guðbjörg Ottósdóttir, dósent

Guðlaug María Júlíusdóttir, lektor

Guðný Björk Eydal, prófessor

Halldór S Guðmundsson, dósent

Helga Sól Ólafsdóttir, lektor

Herdís Steingrímsdóttir, lektor

Jóna Margrét Ólafsdóttir, lektor

Kolbeinn Stefánsson, dósent

Ragnheiður Hergeirsdóttir, lektor

Selma Björk Hauksdóttir, aðjúnt

Sigrún Harðardóttir, dósent

Sigurveig H. Sigurðardóttir, prófessor

Sólveig Sigurðardóttir, lektor

Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor

Starfsfólk skrifstofu

- Heba Soffía Björnsdóttir, deildarstjóri
- Ingibjörg Úlfarsdóttir, verkefnisstjóri í nemendapjónustu FVS

Nemendapjónusta Félagsvísindasviðs (FVS)

Opið virka daga kl. 9:00 – 15:00

sími: 525-4500

nemfvs@hi.is

Fjöldi nemenda

- Fjöldi skráðra nemenda deildinni: um 650
- Fjöldi skráðra nemenda í grunnnámi: um 370
- Fjöldi nemenda í framhaldsnámi (MA og diploma): um 180
- Doktorsnemar: 7
- Fjöldi nemenda á 1. ári í MA til starfsréttinda: 40
- Fjöldi nemenda á 2. ári í MA til starfsréttinda: 38

Hvað er öðruvísi?

- **Kennt í lotum**
 - Kennt í desember og maí
- **Talsverð hópavinna**
 - Mikil sjálfstæð vinna nemenda
- **Mikil viðvera á staðnum**
 - Mætingaskylda
 - Starfsþjálfun á vettvangi
- **Mikill fjöldi kennara, með ólík hlutverk og ólíka kennsluhættir**
 - Ólík vinnubrögð – reynir á sjálfstæð vinnubrögð
 - Nemendur þurfa að setja sig í hlutverk í verklegum tímum

Umsjónarkennari MA til starfsréttinda

Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor



Hæfniviðmið, þekking og skilningur

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu á félagsráðgjöf. Í því felst að hann:

- hafi breikkað og dýpkað þá þekkingu sem hann öðlaðist í grunnnámi
- hafi með námskeiðum, rannsóknum og starfsþjálfun öðlast kerfisbundinn skilning á kenningum, aðferðum og þróun rannsókna í félagsráðgjöf
- hafi öðlast dýpri skilning á kenningum á sviði félagsráðgjafar þannig að hann geti fært rök fyrir faglegri afstöðu sinni
- geti lýst og skýrt grundvöll helstu aðferða sem beitt er í félagsráðgjöf á gagnrýninn hátt
- hafi þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum og matstækjum sem notaðar eru á sviði félagsráðgjafar
- hafi þekkingu og skilning á siðfræði félagsráðgjafar

Hæfniviðmið, hagnýt færni og hæfni

Við útskrift getur nemandi beitt faglegum aðferðum á sviði félagsráðgjafar. Í því felst að hann:

- geti beitt þekkingu sinni og sýnt fram á fræðilegan skilning á faglegri vinnu
- geti beitt helstu greiningar- og vinnuaðferðum
- hafi tileinkað sér fagleg vinnubrögð
- geti unnið samkvæmt siðareglum félagsráðgjafar
- geti í faglegu starfi tekist á við margþætt og flókin viðfangsefni
- geti nýtt þekkingu sína við úrlausnir mála í þverfaglegu samstarfi
- geti verið skapandi í þróun nýrra hugmynda og þjónustu-úrræða

Hæfniviðmið, hagnýt færni og hæfni

frh.

- geti aflað vísindalegra gagna, metið þau og greint og lagt til grundvallar faglegu starfi
- geti kynnt fagleg viðfangsefni á opinberum vettvangi
- hafi góð tök á rituðu máli
- geti leitt stefnumörkun í málefnum á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu
- geti tekið að sér ábyrgðarstöðu á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu
- hafi sýnt fram á getu til að stunda rannsóknir
- geti ritað vísindalega úrdrætti, skýrslur, greinagerðir og faggreinar

Hæfniviðmið, fræðileg hæfni

Við útskrift geti nemandi beitt þekkingu sinni og hæfni í starfi og/eða frekara námi. Í því felst að nemandi hafi öðlast :

- aukinn, dýpri skilning og viðtækari yfirsýn yfir félagsráðgjöf en að loknu grunnnámi
- þjálfun í viðtalstækni og búi yfir hæfni til faglegra samskipta
- styrk til að taka sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstyðja þær
- hæfni til að meta sjálfstætt hvenær mismunandi greiningar- og vinnuaðferðir eiga við
- getu til að bera ábyrgð á félagsráðgjafarvinnu með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum
- hæfni til að nýta sér rannsóknaraðferðir og tölfræði við greiningu rannsóknargagna sem notaðar eru í félagsráðgjöf
- hæfni til að sýna frumkvæði í rannsóknum og þróunarverkefnum á sínu sérsviði
- getu til að stýra og bera ábyrgð á rannsóknar verkefnum
- þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til að geta viðhaldið þekkingu sinni og aukið við hana
- hefur verið undirbúinn undir að geta tekist á við frekara nám, doktorsnám eða annað framhaldsnám.

Skipulag náms

- Miðað við viðveru frá 8:20-16:00
 - Kennsla, verkefnavinna, starfsnám
 - **Starfsnám ekki endilega** á höfuðborgarsvæðinu
 - Kennsla í lotum
- Fyrsta skóladag er kennsla frá kl. 9:00-17:00 utan HÍ svæðis/mætingaskylda
- Klínískt nám
 - Þátttaka nemenda, virkni og ígrundun
- Mætingarskylda, 80%

ATH. Þverfræðileg samvinna í heilbrigðisvísindum

- Hugmyndafræði þverfræðilegrar samvinnu verður lögð til grundvallar í námskeiðinu þar sem nemendur vinna saman að sameiginlegum markmiðum.
- Nemendur munu vinna saman í þverfræðilegum teymum og fá tækifæri til að æfa fagmennsku, teymisvinnu, og efla samskipti.



Fagleg tengsl og siðfræði (8e)

- Hafa þekkingu á kenningum og líkönum sem liggja til grundvallar faglegri tengslamyndum í vinnu félagsráðgjafa
- Hafa undirstöðuþekkingu í viðtalstækni og þekki reglur og vinnulag skriflega þáttarins í félagsráðgjöf
- Þekki til og hafi öðlast innsæi í siðfræði félagsráðgjafar.

Samþætting fræða og fags: Starfsþjálfun I (8e)

- Geta tengt fræðilega þekkingu við hagnýtt starf
- Geta nýtt sér leiðsögn, gagnrýni og hvatningu í starfi

Greining geðrænna vandkvæða (8e)

- Kunna skil á kenningum, hugtökum og fræðapróun á sviði greiningar geðrænna vandkvæða.
- Geta beitt aðferðafræði félagsráðgjafar á sviði greininga geðrænna vandkvæða.
- Geta byggt faglegt álit sitt á fræðilegu efni
- Geta átt fagleg skoðanaskipti um greiningar geðrænna vandkvæða innan síns eigin faghóps og við aðra fagmenn á sviðinu. Nemandi hefur hæfni til að gera skriflegar greinargerðir og skýrslur í efninu.
- Hafa nægilegan grunn á sviðinu til að geta hafið frekara sérfræðinám í tengslum við sálfélagslegan vanda á þjónustusviði félagsráðgjafar.

Hópvinna og hópmeðferð (6e)

- Þekkja sögulega þróun hópstarfs og hópameðferðar
- Þekkja skilgreiningar ólíkra hópa og kynnist viðeigandi aðferðum í samtímanum
- Geta sett fram áætlun um hópstarf í félagsráðgjöf, kynnt þá áætlun og ígrundað eigin reynslu
- Hafa færni til að skipuleggja og stjórna hópstarfi með ólíkum markhópum

Fjölskyldukenningar og meðferð (8e)

- Geta greint þekkingarfræðilega þróun um fjölskyldumeðferð og fjölskyldukenningar
- Þekkja sögu fjölskyldunálgun sem miðlægt svið innan félagsráðgjafar
- Geta beitt hugmyndafræði og hugtökum kerfisnálgunar í fjölskyldukenningum og meðferð
- Geta greint vandamál í fjölskyldum og sett fram vinnutilgátur um lausnamynstur
- Geta beitt hugmynda- og aðferðalíkönnum í fjölskyldufræðum, hjónameðferð og foreldravinnu

Börn og unglingar (8e)

- Kunna skil á kenningum, hugtökum og fræðapróun félagsráðgjafar á sviði vinnuaðferða með börn unglinga og fjölskyldna þeirra.
- Geta beitt aðferðafræði félagsráðgjafar á sviði vinnuaðferða með börn, unglinga og fjölskyldna þeirra.
- Geta byggt faglegt álit sitt á fræðilegu efni
- Geta átt fagleg skoðanaskipti um vinnuaðferðir félagsráðgjafar með börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Bæði innan síns eigin faghóps og við aðra fagmenn á sviðinu.
- Hafa hæfni til að gera skriflegar greinargerðir og skýrslur varðandi efnið.
- Hafa nægilegan grunn á sviðinu til að geta hafið frekara sérfræðinám í tengslum við sálfélagslegan vandal barna, unglinga og fjölskyldna á þjónustusviði félagsráðgjafar.

Kreppukenningar og áfallavinna (8e)

- Nemandi skal kunna skil á kenningum hugtökum og fræðapróun á sviði kreppuviðbragða, áfallastreituröskunar og meðferðarvinnu á sviðinu
- Nemandi skal hafa þekkingu á því hvaða áhrif áföll geta haft á líf folks og geta beitt aðferðafræði félagsráðgjafar á sviði kreppuviðbragða og áfallastreituröskunar
- Nemandi skal geta byggt faglegt álit sitt á fræðilegu efni
- Nemandi skal geta átt fagleg skoðanaskipti um kreppuviðbrögð, áfallastreituröskun og meðferð við því í eigin faghópi og við aðra fagmenn á sviðinu. Hann getur einnig gert skriflegar greinargerðir og skýrslur um efnið.
- Nemandi skal hafa nægilega grunnhæfni á sviðinu til að geta hafið frekara sérfræðinám í tengslum við sálfélagslegan vanda á þjónustusviði félagsráðgjafa

Rannsóknaraðferðir í félagsráðgjöf (6e)

- Hafa þekkingu til beita rannsóknum í framtíðarstarfi sínu í félagsráðgjöf og tengingu þeirra við gagnreynda rannsóknarvinnu
- Hafa þekkingu á siðfræði rannsókna og hlut vísindalegrar þekkingar í breytingastarfi með einstaklingum, hópum og samfélögum.
- Kunna að orða rannsóknarspurningu, studda kenningum, og gera rannsóknaráætlun
- Geta nýtt vísindalega þekkingu á sínu sviði

MA ritgerð til starfsréttinda í félagsráðgjöf

- Unnin á haustönn
- Nemandi skal hafa lokið MA ritgerð áður en hann fer í starfsþjálfun á 5 ári.

Sambætting fræða og fags: Starfsþjálfun II (30e)

- Geta unnið að lausn bæði dæmigerðra og sértækra félagsráðgjafarverkefna.
- Hafa öðlast færni til að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýtt starf við lausn félagslegra vandamála.

Kennsluhnykkir

Fyrri ár:

- **Hausthnykkur, einn dagur í byrjun vetrar**

Síðara ár:

- **Vetrarhnykkur, 2 vikur fyrir starfsþjálfun II**
- **Vorhnykkur, 1 vika eftir starfsþjálfun II**



Félagssráðgjöf háskólanema



Selma Björk Hauksdóttir



Félagsráðgjöf háskólanema

- Nemendur veita öðrum nemendum HÍ félagslega ráðgjöf
 - 4. ár veitir þjónustu á vorönn
 - 5. ár veitir þjónustu á haustönn
- Aukin verkleg kennsla ásamt því að veita breiðari þjónustu við nemendur
- Þjónustan er veitt á Aragötu 9
- Viðtalstímar eftir samkomulagi, eitt viðtalsrými og tími fundinn sem hentar báðum aðilum

Félagsráðgjöf háskólanema

- Félagsleg ráðgjöf
 - Fjölskylduráðgjöf
 - Fjármálaráðgjöf
 - Ráðgjöf vegna samþættingar náms og fjölskyldulífs
 - Ráðgjöf um réttindi
 - Samskiptaráðgjöf
 - Uppeldisleg ráðgjöf

- Fjöldi viðtala fer eftir umfangi og eðli máls
- Viðtöl tekin upp á diktafón og er eytt eftir viðtal

Gangi ykkur vel!

